

REGLUGERÐ um vegi í náttúru Íslands.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um gerð skrár um vegi, aðra en þjóðvegi, í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, sbr. 32. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

2. gr.

Við gerð aðalskipulags gera sveitarfélög tillögu að skrá skv. 1. gr. innan marka sinna. Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Sveitarfélögum er heimilt að gera tillögu skv. 1. másl. við gerð svæðisskipulags, sbr. 21. gr. skipulagslaga.

Vegaskrá skv. 1. mgr. er háð samþykki Umhverfisstofnunar, eða eftir atvikum stjórnvalda þjóðgarða þegar við á, á landssvæðum sem liggja innan friðlýstra svæða og þjóðgarða. Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

3. gr.

Við gerð tillögu að skrá um vegi ber að leggja mat á það hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, ákveðið tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

4. gr.

Sveitarfélög skulu í tillögu að skrá um vegi flokka vegina í samræmi við flokkun Vegagerðarinnar á landsvegum. Vegina skal einnig flokka eftir heimild til notkunar í opna vegi og vegi með takmarkaða notkun. Sé um að ræða veg með tímabundna og/eða takmarkaða notkun skal tilgreint sérstaklega það tímabil sem heimilt er að nota veg og í hvaða tilgangi sé heimilt að nota veginn, s.s. við smalamennskur, veiði, viðhald veitumannvirkja eða rannsóknir.

5. gr.

Tillaga að skrá um vegi skal vera stafræn fitjuskra samgangna og skal nákvæmni gagna vera +/- 0,5 m.

6. gr.

Vegagerðin skal halda skrá í stafrænum kortagrunni um vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, sbr. 2. mgr. 7. gr. vegalaga, nr. 80/2007. Skipulagsstofnun ber að sjá til þess að Vegagerðinni berist upplýsingar um vegaskrá í hlutaðeigandi sveitarfélagi til skráningar og birtingar í vegaskrá. Í vegaskrá skulu vegir skv. 1. gr. auðkenndir sérstaklega. Vegagerðin skal birta uppfærða vegaskrá svo fljótt sem unnt er.

Skrá um vegi og breytingar á henni skulu auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og tekur þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags.